

1. desember 2020.

Blaðsíða | 1

Fræðsluráð Hafnarfjarðar.

MINNISBLAÐ – Erindi frá skólabókasöfnunum, mál 2011224

Erindi frá bókasafns- og upplýsingafræðingum grunnskóla Hafnarfjarðar, dagsett 13. nóvember 2020 með áskorun um að veitt verði aukafjárveiting til skólasafna grunnskólanna fyrir jólin 2020, var lagt fram á 454. fundi fræðsluráðs þann 18. nóvember 2020. Eftirfarandi er bókað í fundargerð fræðsluráðs undir þessum málslið:

2. 2011224 - Erindi frá skólabókasöfnum

Fræðsluráð vísar áskorun bókasafnsfræðinga við grunnskóla Hafnarfjarðar til sviðsstjóra mennta- og lýðheilsusviðs og óskar eftir samantekt um bókakost bókasafna grunnskóla Hafnarfjarðar. Einnig óskar fræðsluráð eftir því að teknar verði saman upplýsingar um þá upphæð sem við veitt hefur verið til bókaupa undanfarin ár.

Í kjölfar fundarins voru teknar saman upplýsingar um fjárveitingar bæjarins til skólasafna grunnskólanna og sérstakrar jólagjafar til leik- og grunnskólanna sem hefur átt sér stað síðustu tvö ár. Þær eru sem hér segir.

Grunnskólar ÁR	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Úthlutun*	2.474.440	2.286.432	2.684.953	2.756.800	4.163.401	5.242.000	6.999.999	8.241.810	7.981.000
hækkun milli ára leik- og grunnsk.	17,3%	-7,6%	17,4%	2,7%	51,0%	25,9%	33,5%	17,7%	-3,2%
Jólagjöf**	0	0	0	0	0	0	799.000	799.000	
Alls	2.474.440	2.286.432	2.684.953	2.756.800	4.163.402	5.242.000	7.798.999	9.040.810	7.981.000

* Samanlögð úthlutun til allra grunnskóla bæjarins í fjárhagsáætlun viðkomandi árs. Athugið einnig að breytileiki milli ára í framlögum til skólasafna tengist líka stofnun nýs skólasafns í Skarðshlíðarskóla og uppbyggingu þess.

** Samanlögð jólagjöf til allra leik- og grunnskólanna. Kr. 150 á barn/nemanda sem skiptist á skóla eftir fjölda.

Ekki var mögulegt á þessum stutta tíma að leggja hér fram samantekt um bókakost skólasafna grunnskóla.


Vigfus Hallgrímsson, próunarfulltrúi grunnskóla